

Viðauki við

Norræna samstarfsáætlun um jafnréttismál 2019–2022

Jafnrétti, jafnræði og jöfn
tækifæri LGBTI fólks á
Norðurlöndum

Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Stefnumarkandi aðgerðasvið	6
Frelsi og opnun	7
Lífsgæði og lífsskilyrði	9
Tengslanet og borgarasamfélag	11
Alþjóðleg ábyrgð	12
Framkvæmd	13
Hugtakaskrá	15
Um ritið	16

Formáli

Víða um heim er þrengt að réttindum og tækifærum fólks sem er samkynhneigt, tvíkynhneigt, trans eða intersex. Á Norðurlöndum á þessu að vera öfugt farið. Norrænt samstarf að á vera í fararbroddi og styðja jafnrétti, jafnræði og jöfn tækifæri LGBTI fólks.

Í rúm fjörutíu ár hefur opinbert samstarf Norðurlanda í jafnréttismálum stefnt að því að löndin verði eitt þeirra svæða í heiminum þar sem mest jafnrétti ríkir. Árið 2020 bætist nýtt svið við jafnréttissamstarfið en það á að koma í veg fyrir jaðarsetningu, stuðla að inngildingu og efla virka borgaravitund samkynhneigðs, tvíkynhneigðs, trans og intersex fólks í norrænum samfélögum.

Með þessu samstarfi sýna Norðurlöndin fordæmi. Þörf er á að fjalla um stöðu LGBTI fólks í löndunum og framfarir þurfa að eiga sér stað á Norðurlöndum og um allan heim. Í samstarfinu verður jafnframt fylgt eftir almennum markmiðum framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.

Samstarfið á að vera gagnlegt, mikilvægt og skila varanlegum árangri. Þess vegna er samstarfsáætlunin byggð á ítarlegri greiningu á því hvar skóinn kreppir á Norðurlöndum.

Í viðaukanum er greint frá aðgerðasviðum og markmiðum sem samtök LGBTI fólks og yfirvöld á Norðurlöndum hafa lagt til, einnig helstu pólitísku áherslum Norrænu ráðherranefndarinnar í samstarfi um LGBTI-málefni á árunum 2021 og 2022. Við munum beita okkur fyrir auknu frelsi og opnun fyrir LGBTI fólk, bættum lífsgæðum og lífsskilyrðum og öflugu norrænu tengslaneti og borgarasamfélagi LGBTI fólks.

Allir eiga rétt á að heyra til á Norðurlöndum.

Fyrir hönd norrænu jafnréttisráðherranna

Peter Hummelgaard, *jafnréttisráðherra*

Danmerkur sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2020

Thomas Blomqvist, *ráðherra norrænnar samvinnu og jafnréttismála*

í Finnlandi sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2021



Inngangur

Norðurlönd hafa löngum verið framsækin í málefnum LGBTI fólks í alþjóðlegum samanburði. En þrátt fyrir bætta löggjöf eru mörg viðfangsefni enn óleyst áður en LGBTI fólk fær notið sömu tækifæra og réttinda og annað fólk.

Árið 2020 hófu jafnréttisráðherrar Norðurlanda formlegt samstarf innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnrétti og jafnræði LGBTI fólks á Norðurlöndum. Regnhlífahugtakið LGBTI er ensk skammstöfun fyrir lesbian, gay, bisexual, trans og intersex. Skammstafanir geta verið með ýmsu móti í löndunum en LGBTI er ætíð notað í opinberu norrænu samstarfi í samræmi við aðrar alþjóðastofnanir.

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál og LGBTI (MR-JÄM) sem leiðir samstarfið samþykkti eftirfarandi almenn markmið þann 17. september 2019:

Norræna ráðherranefndin á að vinna að jafnrétti, jafnræði og jöfnum tækifærum LGBTI fólks á Norðurlöndum.

Norræna ráðherranefndin er opinber samstarfsvettvangur ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Textinn er viðauki við Norræna samstarfsáætlun um jafnréttismál 2019–2022. Viðaukinn er stjórnþæki í norrænu samstarfi um málefni LGBTI fólks og tilgreinir helstu forgangsmál samstarfsins þar til gildistíma áætlunarinnar lýkur.

Viðaukinn var samþykktur 5. nóvember 2020 og gildir hann það sem eftir er af gildistíma áætlunarinnar, frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2022.

Samtvinnun ólíkra þátta

Til að segja skilið við mismunun gegn LGBTI fólki er stuðst við samtvinnun ólíkra þátta til að skilgreina og innleiða samstarfið og aðgerðir á þess vegum.

Samtvinnun ólíkra þátta er skilgreind sem sjónarhorn við greiningu sem eflir vitund um og skilning á því hvernig samspil kynhneigðar, kynvitundar, kyngervis og annarra

persónubátta hefur áhrif á stöðu LGBTI fólks á Norðurlöndum og skapar mismunandi forsendur fyrir samfélagsþátttöku á jafnræðisgrundvelli.

Norrænt samstarf á að taka tillit til þess að LGBTI fólk er með ýmsu móti. Til dæmis er munur á lesbíum, hommum, tvíkynhneigðu fólki, trans fólki og intersex fólki en einnig er munur á fólki innan hvers hóps og ræðst hann af félagslegum og hagrænum þáttum, uppruna, trúarbrögðum, fötlun, réttarstöðu vegna hælís, aldri og öðrum persónubáttum.



[Norræn samstarfsáætlun um jafnréttismál 2019–2022](#)

Stefnumarkandi aðgerðasvið

Stefnumarkandi aðgerðasvið



1. Frelsi og opnun

Öll eigum við að geta lifað, starfað og búið á Norðurlöndum án ótta við mismunun, hótanir, ofbeldi eða hatur. Frelsi og opnun eru forsendur þess að LGBTI fólk á Norðurlöndum geti tekið þátt í samfélaginu á jafnræðisgrundvelli sem skiptir höfuðmáli til að fyrirbyggja jaðarsetningu, útskúfun og vanlíðan.

Aðgerðir á þessu sviði verða tengdar Framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024, þar á meðal Markmiði 10 og Markmiði 12.

Norræna ráðherranefndin stefnir að því að: LGBTI fólk geti lifað frjálst og opið og notið jafna tækifæra í lífinu á við annað fólk. Fyrirbyggja og sporna gegn mismunun og hatursglæpum. LGBTI fólk hafi sama aðgang að hreyfanleika milli Norðurlandanna og annað fólk.

Margt LGBTI fólk veigrar sér við að lifa opið af ótta við viðbrögð umhverfisins og það verður oftast en annað fólk fyrir mismunun og hatursglæpum. Norrænt samstarf á að fyrirbyggja og berjast gegn þessu. Mismunun og hatursglæpir eru óásættanleg lítilsvirðing á frelsi einstaklingsins.

Vinsemd og tilhlýðileg færni hjá yfirvöldum og stofnunum sem aðstoða og leiðbeina almenningi skipta miklu máli til að sporna gegn mismunun og hatursglæpum á árangursríkan hátt. Norrænt samstarf á að auka miðlun þekkingar og reynslu á þessu sviði.

Á Norðurlöndum gefast góð tækifæri til hreyfanleika milli landa en betur má ef duga skal. LGBTI fólk sem fer í atvinnuleit eða flytur búferlum milli Norðurlanda getur átt á hættu að missa rétt sinn á til dæmis fjölskylduhögum og kyni. Eigi Norðurlöndin að verða samþættasta svæði heims er þörf á samtali og þverlægu samstarfi, t.d. við Stjórnsýsluhindranaráðið sem vinnur að frjálsri för innan Norðurlanda.

Norræna ráðherranefndin stefnir að því að: Hefðbundnar hugmyndir um kyn og kynhneigð hamli ekki LGBTI fólki á Norðurlöndum að haga lífi sínu að eigin vild. Sporna gegn neikvæðum viðhorfum í garð LGBTI fólks.

Neikvæð viðhorf eiga sinn þátt í að LGBTI fólki getur reynst erfitt að lifa opið eða haga lífi sínu að eigin vild. Þegar LGBTI fólk fylgir ekki normum nærumhverfisins eða samfélagsins almennt getur það þjáðst af einmanaleika og fundist eitthvað vera að sér. Þetta á við um fólk sem fór að finnast það öðru vísi snemma á ævinni en einnig eldra fólk sem uppgötvaði ekki fyrr en síðar í lífinu annað kyngervi eða aðra kynhneigð en siskynja og gagnkynhneigð.

Fordómar í garð samkynhneigðs, tvíkynhneigðs og trans fólks þrífast enn í norrænum samfélögum. Þeir birtast í ýmsum myndum og hafa áhrif á LGBTI fólk. Norrænt samstarf um málefni LGBTI fólks á að taka tillit til þess að sumir hópar eru í sérlega viðkvæmri stöðu út frá sjónarhorni samtvinnunar. Leggja á áherslu á aðgerðir sem stuðla að viðhorfsbreytingum á þann hátt að frelsi og opnun verði á færi allra.



2. Lífsgæði og lífsskilyrði

Við á Norðurlöndum eigum öll rétt á bestu heilbrigðisaðstæðum sem völ er á. LGBTI fólk, þar á meðal eldra LGBTI fólk, á ekki að fara á mis við góða heilsugæslu og aðra félagslega velferðarþjónustu. Miða á sérstakar aðgerðir við LGBTI börn og ungmenni sem eiga rétt á öruggum uppvexti án einmanaleika, eineltis eða útskúfunar.

Aðgerðir á þessu sviði verða tengdar Framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024, þar á meðal Markmiði 9.

Norræna ráðherranefndin stefnir að því að: LGBTI fólk hafi jafnan aðgang að líkamlegri og andlegri heilbrigðisþjónustu. Draga úr þeim mikla mun sem er á líkamlegri og andlegri heilsu LGBTI fólks og annars fólks. LGBTI fólk á að hafa jafnan aðgang að öllum sviðum samfélagsins.

Lífsgæði eru mæld á ýmsan hátt. Þrátt fyrir að Norðurlönd hafi trónað efst árum saman í alþjóðlegum samanburði vegna inngildandi löggjafar fyrir LGBTI fólk eru ýmis viðfangsefni enn óleyst.

Ein áskorunin er munurinn á líkamlegri og andlegri heilsu LGBTI fólks og annars fólks á Norðurlöndum. Lélegt heilsufar LGBTI fólks má m.a. rekja til neyslu vímugjafa, hárrar tíðni sjálfsskaða og sjálfsvíga og mikillar streitu miðað við aðra hópa á Norðurlöndum.

Til að geta dregið úr þessum mun þarf heilbrigðiskerfið að átta sig á þeim sérstöku áskorunum sem LGBTI fólk þarf að kljást við til að geta veitt bestu meðferð og ráðgjöf sem völ er á.

Svipað er uppi á teningnum á vinnumarkaði. Þar mætti auka ánægju og vellíðan í samfélagi vinnustaða með jákvæðu hugarfari gagnvart því að haga megí lífinu á ýmsan hátt. Mikilvægt er að miðla þekkingu og reynslu af hindrunum sem LGBTI fólk mætir á vinnumarkaði, hver munur er á starfsgreinum og hvernig auka megí vellíðan fólks. LGBTI fólk af eldri kynslóðinni getur rekist á sérlegar áskoranir. Þegar starfsævi lýkur eykst hættan á einmanaleika og einangrun. Mikilvægt er að þekkja stöðu LGBTI

fólks af eldri kynslóðinni til að geta skapað jafnræði í heilbrigðisþjónustu.

Norrænt samstarf um málefni LGBTI fólks á að liðka fyrir félagslegri þátttöku og inngildingu þess í ýmsum samhengjum alla ævina á enda.

Norræna ráðherranefndin stefnir að því að: LGBTI börn og ungmenni hafi jafnan aðgang að menntun, tómstundum og lífsgæðum og jöfn tækifæri til þroska, öryggis og góðra aðstæðna í uppvextinum.

Rannsóknir sýna að LGBTI ungmenni eru afar viðkvæmur samfélagshópur. Þess vegna á samstarfið að snúast um vellíðan og velferð LGBTI barna og ungmenna og að tryggja rétt þeirra til heilbrigðs þroska og uppvaxtar heima fyrir, í skólanum og í frístundum.

Viðurkenning og þátttaka í samfélögum er mikilvæg fyrir inngildingu og vellíðan barna. Góð dæmi um hvernig skólar og menntastofnanir skapa inngildandi námsumhverfi án eineltis og áreitni eru nauðsynleg til að skapa jákvæðrar og langvarandi breytingar.

Norrænt samstarf á að skapa jöfn tækifæri LGBTI barna og ungmenna til þátttöku í félagslífi, til dæmis íþróttum, félagsstarfi eða tengslanetum. Velferð og vellíðan eiga einnig við um börn í regnbogafjölskyldum.



3. Tengslanet og borgarasamfélag

Samráð og samstarf sem styður borgarasamfélagið í að vera leiðandi í norrænu samstarfi um málefni LGBTI fólks. Þetta er forsenda fyrir því að tryggja jafnrétti, jafnræði og jöfn tækifæri LGBTI fólks á árangursríkan og sjálfbæran hátt. Með því að auka og styðja tengslanet borgarasamfélagsins má tryggja framþróun í LGBTI-málum á Norðurlöndum.

Aðgerðir á þessu sviði verða tengdar Framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024, þar á meðal Markmiði 11.

Norræna ráðherranefndin stefnir að því að: Nýta þekkingu og reynslu LGBTI-samtaka borgarasamfélagsins í vinnu að jafnrétti, jafnræði og jöfnum tækifærum LGBTI fólks. Taka þátt í og efla þróun borgarasamfélags, tengslanet og miðlun reynslu í þágu áframhaldandi þróunar LGBTI-mála á Norðurlöndum.

Samtök LGBTI fólks í borgarasamfélaginu eru öflug rödd á Norðurlöndum. Samtök þessi sinna mörgum mikilvægum verkefnum til að tryggja jafnrétti, jafnræði og jöfn tækifæri LGBTI fólks á Norðurlöndum og eru því í forgangi í norrænu samstarfi.

Samtökin eru meðal annars fundarstaðir fólks, þekkingarsetur og málsvavar LGBTI fólks á öllum stigum samfélagsins. Fyrir vikið höfum við góð dæmi um vinnuaðferðir, þekkingarmiðlun og fræðsluefni á Norðurlöndum.

Stuðningur við samstarf og tengslanet borgarasamfélagsins er forsenda þess að styðja framfarir í LGBTI-málum. Dæmum um staðbundnar aðgerðir á landsvísi sem lofa góðu á að dreifa og gera aðgengileg svo fleiri njóti góðs af á Norðurlöndum.



Alþjóðleg ábyrgð

Norræna framtíðarsýnin um opin Norðurlönd stefnir að því að Norðurlöndin stilli saman strengi sína á alþjóðlegum vettvangi. Norrænu samstarfi er einnig ætlað að styðja alþjóðlegar skuldbindingar landanna þegar um er að ræða sameiginleg markmið þeirra um jafnrétti, jafnræði og jöfn tækifæri LGBTI fólks á Norðurlöndum.

Starfið á að skapa þverlæg samlegðaráhrif og taka mið af tilmælum og réttarfarslegri þróun við Mannréttindadómstól Evrópu og hjá Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Norrænt samstarf á einnig að taka tillit til þeirrar þekkingar og reynslu sem er að finna hjá nefndum, sérfræðingum, samstarfsnetum SP, Evrópuráðinu og evrópskum regnhlífarsamtökum LGBTI fólks.



Framkvæmd

Framkvæmd samstarfsins

Norrænt samstarf um málefni LGBTI fólks ber að skoða í samhengi við önnur stjórnþæki Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal [Framtíðarsýn fyrir 2030](#), [Framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024](#) og [Stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna](#). Einnig ber að nefna Börn og ungmenni á Norðurlöndum – þverfaglega stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar 2016–2022 og meginreglur Norrænu ráðherranefndarinnar um þátttöku barna og ungs fólks í starfi nefndarinnar sem gefnar voru út 2020.

Samstarf um málefni LGBTI fólks á að taka mið af samtvinnun ólíkra þátta og byggjast á mikilvægri þekkingu og staðreyndum. Samstarfið leggur mikla áherslu á miðlun reynslu og umræðu með því að skapa samnorræna vettvanga, að miðla góðum dæmum, með upplýsingaherferðum, viðhorfsbreytingum, samnorrænum rannsóknum á málefnum LGBTI fólks og skiptum á upplýsingum um löggjafarstarf landanna.

Samstarfið mun einnig styðja samstarfsnet viðkomandi aðila og aðgerðir á vettvangi og í því sambandi hefur verið stofnaður norrænn LGBTI-sjóður til viðbótar við norræna jafnréttissjóðinn og mun Norræna upplýsingaveitan um kynjafræði annast umsjú sjóðsins.

Skipulag sviðsins

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál og LGBTI (MR-JÄM)

Jafnréttisráðherrar Norðurlanda leiða samstarf ríkisstjórnanna á sviði jafnréttis og skipa Norrænu ráðherranefndina um jafnréttismál og LGBTI (MR-JÄM). Ráðherrarnir funda að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem þeir ræða mál sem eru efst á baugi og taka sameiginlegar ákvarðanir á sviðum þar sem samstarf landanna skilar meiri árangri en þegar þau vinna hvert í sínu horni, öðru nafni norrænt notagildi.

Embættismannanefndin um jafnréttismál og LGBTI (EK-JÄM)

Embættismannanefndin er skipuð fulltrúum allra Norðurlandanna auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands og fundar hún yfirleitt þrisvar á ári. Nefndin leiðir daglegt

starf, undirbýr ráðherra fundi og fylgir ákvörðunum ráðherranna eftir.

Til að auka færni og gæðatryggja þjónustu við ráðherrana tilnefnir hvert land einn fulltrúa sem býr yfir sérþekkingu á LGBTI-málum.

Mat og eftirfylgni

Aðgerðir í LGBTI-málum verða metnar um leið og Norræna samstarfsáætlunin um jafnréttismál 2019–2022. Ný samstarfsáætlun um LGBTI og jafnréttismál verður síðan samin.

Hugtakaskrá

Sískynja: Fólk sem finnst kyn sitt og kyngervi vera í samræmi við það kyn sem því var úthlutað við fæðingu.

Gagnkynhneigð: Fólk sem laðast kynferðislega eða tilfinningalega eingöngu að öðru kyni en sínu eigin.

Intersex: Regnhlífarhugtak yfir fólk sem fæðist með ýmiss konar innri eða ytri líkamleg frávik eða frávik sem eru ekki skilgreind sem dæmigerð karlkyns eða kvenkyns. Frávikin geta verið líkamlegs eðlis eða sem litninga- og/eða hormónafrávik. Sum frávik krefjast læknismeðferðar en önnur ekki.

Kynvitund: Segir til um hvernig fólk skilgreinir og upplifir eigið kyn. Kynvitund getur verið margs konar, til dæmis sískynja og trans.

LGBTI: Ensk skammstöfun sem stendur fyrir lesbian, gay, bisexual, trans og intersex. Skammstafanir geta verið með ýmsu móti í norrænu löndunum en LGBTI er ætíð notað í opinberu norrænu samstarfi í samræmi við aðrar alþjóðastofnanir.

Regnbogafjölskyldur: Regnbogafjölskyldur eru barnafjölskyldur þar sem að minnsta kosti eitt foreldri er LGBTI.

Trans: Trans er regnhlífarhugtak yfir fólk með kynvitund eða kyngervi sem að einhverju leyti samræmist ekki því kyni sem því var úthlutað við fæðingu.

Um ritið

Viðauki við Norræna samstarfsáætlun um jafnréttismál 2019–2022: Jafnrétti, jafnræði og jöfn tækifæri LGBTI fólks á Norðurlöndum

PolitikNord 2021:711

ISBN 978-92-893-6909-1 (PDF)

ISBN 978-92-893-6910-7 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2021-711>

© Norræna ráðherranefndin 2020

Umbrot: Louise Jeppesen

Mynd: Inngangur - johner.dk, unsplash.com, unsplash.com

Frelsi og opnun - istockphoto.com, johner.dk, unsplash.com

Lífsgæði og lífsskilyrði - unsplash.com, unsplash.com, johner.dk

Tengslanet og borgarasamfélag - unsplash.com, unsplash.com, johner.dk

Alþjóðleg ábyrgð - unsplash.com, unsplash.com, johner.dk

Framkvæmd - johner.dk, unsplash.com, johner.dk

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Fleiri norrænar útgáfur má finna á www.norden.org/is/publikationer